

Orkustofnun  
Bryndís G Róbertsdóttir,  
land og jarðfræðingur  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. mars 2019  
2019020027/42-8  
TB,SBR  
tb

**Umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til tilraunatöku á möl og sandi af hafsbotni í Norðfjarðarflóa**

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 20. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til tilraunatöku á möl og sandi af hafsbotni í Norðfjarðarflóa.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og leggst ekki gegn því að leyfi til tilraunatöku á möl og sandi verði heimilað samkvæmt þeirri lýsingu sem kemur fram í framangreindri vandaðri umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar sem byggir á forrannsóknnum á efnistökusvæðunum.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í umsókninni kemur m.a. fram að talið er að lífríki á botni muni ná sér á u.þ.b. tveimur árum. Vel getur verið að þetta standist svo fremi að ekki sé um að ræða t.d. svæði með kalkþörungum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er eðlilegt fylgst verði með botndýralífi að sýnatöku lokinni til að geta sagt til um hve lengi lífríki á botni er að jafna sig. Slík vöktun er einnig góður grunnur til að meta áhrif frekari efnistöku til framtíðar verði ráðist í hana.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að stíga ber varlega til jarðar t.d. þegar ályktað er að ólíklegt sé að sjaldgæfar tegundir finnast á fyrirhuguðum efnistökusvæðum, sjá bls 21 í greinargerð Alta, þó þær hafi ekki fundist í fyrri rannsóknnum. Þetta á sérstaklega við þegar rannsóknir hafa ekki verið ítarlegri en kemur fram í gögnum málsins.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

